

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi – FEBSEL

Fundargerð

2. fundur starfsársins

Fundarstaður: Félagsaðstaða eldri borgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5–7

Fundartími: 17. ágúst 2022 kl.16.30

Mættir: Inga Hersteinsdóttir, Kristbjörg Ólafsdóttir, Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Þóra Einarsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Stefán Bergmann boðaði forföll.

Fundarefni:

1. Formaður fór yfir útsenda dagskrá, sem var samþykkt.
2. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Ritari prentar út samþykktar fundargerðir og varðveitir.
3. Rætt um hlutverk FEBSEL. Farið yfir minnispunkta frá LEB 2022 og ályktanir. Reifað hvort og þá hvernig við getum unnið að útfærslu þeirra ályktana, sem eiga við okkur.
4. Á Seltjarnarnesi er meðalaldur hár, og eldri borgarar eru 22–23% af íbúunum. Eðlilegt að tekið sé tillit til þess hóps. Stjórnarmenn meta mikils það starfsfólk sem sinnir málefnum aldraðra á vegum bæjarins.

5. Rætt var um hjúkrunarheimilið Seltjörn, en þar eykst hjúkrunarþyngd. Þetta er 30 íbúa heimili, sem er erfið eining í rekstri,. Ekki er unnt að byggja íbúðir við Seltjörn fyrir aldraða, eins og víða er gert. En skipulagið hér leyfir það ekki. Velt upp hvort bæjarfélagið ætti að kaupa fleiri íbúðir sem losna fyrir aldraða (t.d. á Eiðistorgi 5).
6. Rætt um fjármögnun þjónustu við aldraða. Þeir sem taka tekjur sínar út í fjármagnstekjum (greiða fjármagnstekjuskatt, 22%) greiða ekki útsvar, sem er tengt tekjuskatti. Hlutfall þeirra er greiða þannig lágan eða engan tekjuskatt er hæst á landsvísu á Seltjarnarnesi, og fer hækkandi.
7. Formaður leggur til að við skoðum ályktanir landsfundarins fyrir næsta fund með tilliti til aðstæðna hér, og að stjórnarmenn taki hver fyrir a.m.k. eina af ályktununum til frekari skoðunar. Ákveðið að velta því fyrir sér hvort stjórnarmenn vilji fara þá leið.
8. Fundarmenn telja að ályktun LEB um kjaramál snerti málefni á Nesinu að ýmsu leyti, en rétt sé í umræðunni að tengja hana séraðstæðum. Bent er á Þó er bent á að gert er ráð fyrir að reynt verði að fá fasteignaskatt lækkaðan. Mikil umræða um kjaramál, skerðingar og og ýmsar greiðslur sem aldraðir inna af hendi. Rætt um hve mikið einstaklingar greiða til hjúkrunarheimila
9. Formaður leggur til að fyrir næsta fund velti stjórnarmenn fyrir sér hvernig við getum fjölgað félagsmönnum og óskar eftir því að á næsta fundi komi fram hugmyndir þar að lútandi.

10. Rætt um hve oft sé nauðsynlegt að halda fundi í stjórninni. Formaður gerir tillögu um hálfsmánaðarlega. Skoðað milli funda.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.15

RH